

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Tjarnar- og Hlíðardal úr landi Reykjadal.

Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 40 m² aukahús í stað 10 m² og þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 18-45 gráður.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. ágúst 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.